

2012

# HJÁLPARLIÐ ALMANNAVARNA



## SAMNINGUR

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA VIÐ RAUÐA KROSS ÍSLANDS  
OG SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG UM  
HLUTVERK ÞEIRRA Í HEILDARSKIPULAGI  
HJÁLPARLIÐS VEGNA ALMANNAVARNA

ALMANNAVARNIR



Rauði kross Íslands



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

**Ríkislögreglustjóri annars vegar og Rauði kross Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning um hlutverk þeirra í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannaþarna á hættu- og neyðartímum. Samningurinn er gerður með hliðsjón af 8. gr. laga um almannaþarnir nr. 82/2008.**

**1. gr.**

Ríkislögreglustjóri mun samkvæmt samningi þessum gera sérstakt samkomulag við Rauða kross Íslands um hlutverk og verkefni landsskrifstofu og deilda Rauða krossins í heildarskipulagi vegna almannaþarna á hættu- og neyðartímum og þjálfun og fræðslu vegna þeirra verkefna. Það samkomulag er hluti þessa samnings.

**2. gr.**

Ríkislögreglustjóri mun samkvæmt samningi þessum gera sérstakt samkomulag við Slysavarnafélagið Landsbjörg um hlutverk og verkefni björgunarsveita og slysavarnadeilda, landsstjórnar björgunarsveita og svæðisstjórna í almannaþarna aðgerðum á hættu- og neyðartímum og þjálfun og fræðslu vegna þeirra verkefna. Það samkomulag er hluti þessa samnings.

**3. gr.**

Aðilar samkomulagsins tilnefna einn mann hver og annan til vara í samstarfsnefnd um heildarskipulag hjálparliðs almannaþarna, til þess að fylgja eftir og viðhalda ákvæðum þessa samnings. Fulltrúi ríkislögreglustjóra hefur formennsku í nefndinni.

**4. gr.**

Ríkislögreglustjóri beitir sér fyrir því að almannaþarnanefndir og lögreglustjórar annars vegar, og svæðisstjórnir, sveitir og deildir Slysavarnafélagsins Landsbjargar og deildir Rauða kross Íslands hins vegar, geri samning um skipun hjálparliðs, boðun þess og aðkomu að stjórnun aðgerða. Samningurinn skal staðfestur af lögreglustjóra viðkomandi umdæmis.

**5. gr.**

Ekkert í samningnum hindrar þó lögreglustjóra, að fengnum tillögum almannaþarnanefndar, í að skipa sérstakt hjálparlið innan umdæmis síns, ef aðstæður krefjast.

**6. gr.**

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og fær hver samningsaðili eitt eintak. Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegum hætti, undirrituðum af hlutaðeigandi aðilum.

**7. gr.**

Við undirskrift þessa samnings fellur úr gildi **Samkomulag um heildarskipulag hjálparliðs vegna almannaþarna**, undirritað þann 29. apríl 2002.

**8. gr.**

Samningurinn skal tekinn til endurskoðunar að fimm árum liðnum frá undirritun en er að öðru leyti uppsegjanlegur af hverjum samkomulagsaðila fyrir sig með sex mánaða fyrirvara. Einnig er skylt að taka samninginn eða einstakar greinar hans til endurskoðunar innan sex mánaða frá þeim tíma sem skrifleg ósk berst um slíkt.

**9. gr.**

Samningur þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 7. mars 2012

---

Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri

---

Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands

---

Hörður Már Harðarson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Samkomulag þetta er staðfest af innanríkisráðherra, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008

---

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra